

Föstudaginn 12. marz 1937.

Nr. 91/1936. **Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs** (Garðar Þorsteinsson)  
 gegn

**Kristni H. Kristjánssyni og Sigurði B. Sigurðssyni og Haraldi Á. Sigurðssyni f. h. dánarbús Ásgeirs Sigurðssonar**  
 (Theódór B. Líndal).

Fjárnám, gert í bifreið A, felld úr gildi, með því að bifreiðin hafði verið lögð A til sem fátækra-  
 styrkur.

*Fjárnámssgerð í fúgetarétti Reykjavíkur 30. jan. 1936.*

#### **Dómur hæstaréttar.**

Þann 7. marz 1934 fór meðstefndur Kristinn H. Kristjánsson þess á leit við bæjarráð Reykjavíkur, að honum yrði veitt lán úr bæjarsjóði til kaupa á bíl, svo hann mætti betur en áður stunda atvinnu sína. Þann 13. s. m. voru honum svo ávísaðar úr bæjarsjóði kr. 1000.00 sem fátækra-  
 styrkur, og var tekið fram, að upphæðina skyldi greiða til Gunnars nokkurs Ingimundarsonar fyrir vörubíl. Þann 20. s. m. kvittaði svo Gunnar þessi fyrir greiðslu á kaupverði bifreiðar sinnar Á. R. 35 og 26. s. m. afsalaði hann eignarrétti að bíl þessum „til bæjarsjóðs Reykjavíkur vegna Kristins H. Kristjánssonar“. Billinn var síðan skrásettur í Reykjavík sem R. 199 og á nafn Kristins. Það er ágreiningslaust í máli þessu, að Kristni hafi verið veittar áðurnefndar kr. 1000.00 sem fátækra-  
 styrkur, að upphæðinni hafi átt að verja til bílkaupanna, að svo hafi verið gert og loks, að billinn hafi kostað nákvæmlega kr. 1000.00.

Með gestaréttardómi Reykjavíkur 25. nóv. 1935 var téður Kristinn H. Kristjánsson dæmdur til að greiða Heildverzlun Ásgeirs Sigurðssonar 260 kr. víxilskuld, ásamt vöxtum, þóknun og málskostnaði. Til tryggingar dómkröfum þessum var svo þann 30. jan. 1936 eftir kröfu dómhafa og eftir ábendingu Kristins gert fjárnám í ofanefndum bíl. Áfrýjandi, sem með skírskotun til 48. gr. framfærslulaga nr. 135/1935 telur ekki hafa mátt taka bilinn fjárnámi, hefur með stefnu 30. júní f. á. skotið fjárnámsgerðinni til hæstaréttar og krafizt ómerkingar á henni og málskostnaðargreiðslu af hinum stefndu fyrirsvarsmönnum dánarbús Ásgeirs Sigurðssonar, sem eiganda nefndrar heildverzlunar, fyrir þess hönd eftir mati dómsins. Af hálfu hins stefnda dánarbús hefir verið krafizt staðfestingar á fjárnáminu og málskostnaðar af áfrýjanda eftir mati dómsins.

Eins og áður segir, var áðurnefndum fátækra-  
styrk varið til kaupa á hinni fjárnumdu bifreið,  
og hefir bæjarsjóður þar með raunverulega lagt  
honum til bilinn sem fátækrastryk. Og leiðir þá  
þegar, og án þess að rannsaka þurfi um eignarrétt  
að bílnum og um viðtæki 48. gr. framfærslulag-  
anna, af niðurlagsákvæði 3. tölul. 31. gr. aðfarar-  
laganna nr. 19/1887, að ekki mátti fjárnámi taka  
hinn umrædda bíl án samþykkis áfrýjanda. Verður  
því samkvæmt kröfu áfrýjanda að fella fjár-  
námsgerðina úr gildi.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma  
áðurnefnda fyrirsvarsmenn dánarbús Ásgeirs Sig-  
urðssonar til þess fyrir búsins hönd að greiða  
áfrýjanda 200 krónur í málskostnað fyrir hæsta-  
rétti.

Því dæmist rétt vera:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er úr gildi felld.

Hinir stefndu fyrirvarsmenn dánarbús Ásgeirs Sigurðssonar, þeir Sigurður B. Sigurðsson og Haraldur Á. Sigurðsson, greiði fyrir dánarbúsins hönd áfrýjanda, borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, 200 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 12. marz 1937.

Nr. 111/1936. **Kristján Bergsson** (Lárus Jóhannesson)  
gegn

**Borgarstjóra Reykjavíkur f. h.**

**bæjarsjóðs** (Garðar Þorsteinsson).

Kröfur á hendur bæjarsjóði Rvíkur um endurgreiðslu fasteignagjalda fyrir árið 1935 af húsi, sem brunnið hafði hinn 17. apríl s. á., teknar til greina að nokkru leyti.

*Dómur gestaréttar Reykjavíkur 14. marz 1936:* Stefndur, borgarstjóri f. h. bæjarsjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Lárusar Jóhannessonar f. h. Kristjáns Bergssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

**Dómur hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu, dags. 1. ágúst f. á., og gert þær dómkröfur, að stefndur verði dæmdur til að greiða honum kr. 341.68 með 6% ársvöxtum frá 21. okt. 1935 til greiðsludags og málskostnað í héraði og